

# EFNISTAKA Í SELJADAL

## Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

### INNGANGUR

#### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 2. júní 2014 sendi Efla verkfræðistofa, f.h. Malbikunarstöðvarinnar Höfða, frummatsskýrslu um efnistöku í Seljadal í Mosfellsbæ til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 13. júní 2014 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 13. júní til 25. júlí 2014 á bókasafni Mosfellsbæjar, skrifstofum Mosfellsbæjar, í Þjóðarborghlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.efla.is](http://www.efla.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun tvær athugasemdir sem stofnunin sendi ásamt umsögnum til framkvæmdaraðila.

Þann 29. ágúst 2014 sendi framkvæmdaraðili matsskýrslu um efnistöku í Seljadal í Mosfellsbæ til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning þessa álits var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

#### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Efnistaka í Seljadal. Júní 2014.

##### Umsagnir bárust frá:

- Mosfellsbæ með bréfi dags. 3. júlí 2014.
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með tölvubrési dags. 9. júlí 2014.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. júní 2014.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. júní 2014.

##### Athugasemdir bárust frá:

- Íbúum í Miðdal í Mosfellssveit með bréfi dags. 3. júlí 2014.
- Soffíu Tryggvadóttur, f.h. íbúa við Hafravatnsveg með bréfi dags. 21. júlí 2014

**Matsskýrsla:** Efnistaka í Seljadal. Ágúst 2014.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að frá árinu 1986 hafi að meðaltali verið unnin tæp 35.000 tonn af efni á ári úr námunni í Seljadal skv. samningi milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar sem sé í gildi til loka ársins 2015, en engin efnistaka hafi verið á svæðinu síðan 2012. Áætlað sé að vinna að hámarki 60.000 m<sup>3</sup> af efni næsta eina og hálfu árið, þ.e.a.s. út ofangreindan samningstíma. Fram kemur að þrátt fyrir að naman hafi verið starfrækt um langt skeið þurfi nú, samkvæmt IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, að afla nýs framkvæmdaleyfis fyrir ofangreinda efnistöku áður en vinnsla geti hafist á ný. Mosfellsbær hafi óskað þess að umhverfisáhrif efnistökkunnar væru metin áður en framkvæmdaleyfi yrði gefið út og hafi Malbikunarstöðin Höfði orðið við þeirri beiðni og fengið samþykki Skipulagsstofnunar fyrir þeirri málsmeðferð.

Fram kemur að núverandi náma sé tæplega 5 ha að flatarmáli og gert sé ráð fyrir að stærð fyrirhugaðs vinnslusvæðis verði rétt rúmlega 1 ha til viðbótar og að gengið verði frá námunni að vinnslu lokinni í samræmi við fyrrnefndan samning um efnistöku. Fram kemur að efnisvinnslan felist í því að bora í og sprengja fast berg, ámokstri efnis á því að því að bora í og sprengja fast berg, ámokstri efnis á flutningabifreiðar og akstri þess til Reykjavíkur auk þess sem vinnslunni fylgi ofanafýting á lausu efni sem notað verði til uppgræðslu svæðisins. Misjafnt sé hversu oft þurfi að sprengja í námunni en við hverja sprengingu sé losað um u.þ.b. 2.000 m<sup>3</sup> af efni. Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að mæta þörfum fyrir fyrsta flokks steinefni fyrir malbik á höfuðborgarsvæðinu.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir 25 ferðum þungaflutningabifreiða á dag að og frá svæðinu eða alls um 3.200 ferðum yfir vinnslutímann, þ.e. frá september-nóvember 2014 og apríl-október 2015. Flutningabílar muni fara frá efnistökusvæðinu um sérstakan aðkomuveg og síðan aka inn á Hafravatnsveg, sem liggja inn á Nesjavallaleið og þaðan inn á Suðurlandsveg. Það sé krafa Vegagerðarinnar að þungaflutningar fari um þessa leið sökum takmarkana á öxulþunga á þeim hluta Hafravatnsvegjar sem liggja framhjá Hafravatni og í gegnum Mosfellsbæ.

Í athugasemdum íbúa Miðdals og íbúa við Hafravatnsveg koma fram áhyggjur af því að þar sem Hafravatnsvegur sé í lélegu ástandi þoli hann illa þá þungaflutninga sem fylgi fyrirhugaðri efnistöku. Ekki sé ljóst hvers vegna einungis séu takmarkanir á öxulþunga á leiðinni framhjá Hafravatni og í gegnum Mosfellsbæ en ekki á Hafravatnsvegi öllum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þungatakmarkanir á vegum séu skv. reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja. Hafravatnsvegur sé á ábyrgð og í umsjá Vegagerðarinnar á meðan að hann hafi ekki formlega verið afhentur Mosfellsbæ sé viðhald og endurbætur hans á ábyrgð Vegagerðarinnar en ekki framkvæmdaraðila og því þurfi að ræða úrbætur Hafravatnsvegjar við Vegagerðina.

**Frágangur.** Fram kemur að áform um frágang námunnar skiptist annars vegar í frágang á fyrri efnistökusvæði og hins vegar núverandi efnistökusvæðis. Vinna við frágang á fyrri efnistökusvæði sé þegar hafin en hefjist á núverandi vinnslusvæði um leið og vinnslu ljúki í lok árs 2015 en muni þó ekki hefjast að fullu fyrr en á vormánuðum 2016. Fram kemur að þegar hafi verið jafnað úr vinnslugólfinu þannig að lítið sé um skarpar brúnir og fláar í hlíðum verði um 3:1. Efni sem sprengt verði við efri hluta námustálsins verði notað til þess að fylla upp að námustálinu, m.a. til þess að brún efnistökusvæðisins verði ekki of skörp heldur meira í samræmi við ávalt landslag í kring auk þess sem lífrænu efni verði dreift yfir námubotninn og sáð í líkt og gert hafi verið á fyrri efnistökusvæðinu.

Fram kemur að stuðlabergsmyndanir hafi komið í ljós eftir að efnisvinnsla hafi hafist í Seljadalsnámu. Fram hafi komið í umsögn Mosfellsbæjar um matsáætlun að óskað væri eftir umfjöllun um hvernig frágangi yrði háttað með tilliti til stuðlabergsmyndana auk þess sem Umhverfisstofnun hafi farið þess á leit að fjallað yrði um möguleika þess að hafa jarðfræðilega áhugaverð snið aðgengileg. Fram kemur að þess verði þó gætt við frágang að ekki verði hærrí lóðréttir veggir en 2 metrar, sbr. ákvæði í samningnum á milli Mosfellsbæjar og framkvæmdaraðila, nema að Mosfellsbær samþykki annað. Þá verði veginum að námunni ekki lokað þar sem að hann hafi opnað möguleika til útivistariðkunar á svæðinu.

Í umsögn Mosfellsbæjar kemur fram að í frummatsskýrslu sé ekki tekið nægilega vel á því að stuðlabergsmyndanir sem í ljós komi verði varðveittar í samræmi við óskir Mosfellsbæjar. Óskað sé eftir því af hálfu Mosfellsbæjar að komi slíkar myndanir í ljós verði landeigandi kallaður til og þá tekin ákvörðun um hugsanlega verndun og friðun í samráð við Umhverfisstofnun. Til framtíðar mætti hugsa sér að náman verði áningarstaður ferðamanna og því áhugavert að vernda áhugaverðar bergmyndanir sem kunni að koma í ljós.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á umfjöllun í matsskýrslu um að það sé samningsatriði að hvaða marki varðveita eigi áhugaverðar stuðlabergsmyndanir á efnistöku tíma en að framkvæmdaraðili sé reiðubúinn til þess ef það hamli ekki efnistöku úr hófi fram eða skerði vinnanlegt magn verulega. Auk þess sé það vilji framkvæmdaraðila að varðveita áhugaverðar stuðlabergsmyndanir að efnistöku lokinni í samráði við fulltrúa Mosfellsbæjar og Umhverfisstofnunar.

**Skipulagsstofnun** telur að mikilvægt sé að varðveita áhugaverðar stuðlabergsmyndanir, í samráði við Mosfellsbæ og Umhverfisstofnun, sem nú þegar hafi komið í ljós við efnistöku og eiga eftir að koma í ljós við frekari efnistöku eins og framkvæmdaraðili lýsir sig reiðubúinn til að gera.

### 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

#### 3.1 SJÓNÆN ÁHRIF, ÁHRIF Á LANDSLAG OG ÚTIVIST

Samkvæmt matsskýrslu er við mat á áhrifum á megineinkenni landslags litið til sérstöðu svæðisins og ráðandi landslagseinkenna og á hvaða hátt framkvæmdin muni breyta þessum einkennum. Fyrri rask eða landnotkun réttlætir ekki frekara rask eða framkvæmdir en hins vegar hafi það áhrif á gildi svæðisins og þ.a.l. á hugsanleg áhrif nýrra eða áframhaldandi framkvæmda. Fram kemur að sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag gæti nú þegar þar sem efnistaka hafi verið á svæðinu seinustu áratugi, en áframhaldandi efnistaka muni hafa í för með sér meiri röskun landslags. Efnistökusvæðið sé hins vegar ekki umfangsmikið og landslagið á svæðinu teljist ekki hafa neina sérstöðu á lands- eða alþjóðavísu. Náman sé sýnileg frá nærliggjandi frístundabyggð við Silungatjörn og að einhverju leyti frá frístundabyggð við Krókatjörn. Áframhaldandi efnistaka muni líklega ekki koma til með að auka sýnileika námunnar frá þessum fyrrnefndu svæðum og séu neikvæð sjónræn áhrif efnistökusvæðisins að mati framkvæmdaraðila talin staðbundin, varanleg og óafturkræf en óveruleg.

Fram kemur að engin skipulögð útivistarsvæði séu í nánd við efnistökusvæðið, en nokkrar göngu- og reiðleiðir séu í nánasta nágrenni svæðisins. Ekki sé mikið um útivist á svæðinu en reiðmenn eigi leið um Seljadal í einhverjum mæli. Fólk sem stundi útivist á svæðinu geti orðið fyrir ónæði af völdum hávaða frá efnisvinnslu og rykmengunar frá námunni og geti því orðið tímabundin neikvæð áhrif á gildi svæðisins til útivistar. Hægt væri að láta hluta af námustálinu standa í samræmi við gildandi samning eins og gert sé ráð fyrir í frágangssáætlun og leyfa þannig almenningi að njóta áhugaverðra stuðlabergsmyndana og nýta svæðið betur til útivistar.

**Skipulagsstofnun** tekur undir það sem fram kemur í matsskýrslu að neikvæðra sjónrænna áhrifa og áhrifa á landslag gæti nú þegar í Seljadal þar sem efnistaka hefur raskað um 5 ha svæði. Fyrirhuguð efnistaka á um eins hektara svæði til viðbótar mun eðli málsins samkvæmt hafa í för með sér frekari röskun og telur stofnunin að þegar á heildina er litið verði neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag af efnistöku staðbundið nokkuð neikvæð og að líkindum óafturkræf og varanleg. Þó fer það eftir því hversu vel tekst til með frágang efnistökusvæðisins og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að framkvæmdaraðili fylgi þeirri frágangstillögun sem lýst er í kafla 2.7 í matsskýrslu og í kafla 2 í þessu álit. Stofnunin telur að útivistar fólk sem kann að leggja leið sína um nágrenni svæðisins komi til með að verða að einhverju leyti fyrir ónæði af völdum hávaða frá efnisvinnslu og rykmengunar frá námunni og geti því efnistakan haft tímabundin neikvæð áhrif á gildi svæðisins til útivistar. Stofnunin tekur undir með bæði framkvæmdaraðila og Mosfellsbæ að sú fyrirætlan að varðveita stuðlabergsmyndanir að efnistöku lokinni sé til þess fallin að auka aðdráttarafl svæðisins til útivistar.

#### 3.2 ÁHRIF Á GRÓÐUR

Í matsskýrslu kemur fram að gróðurfar svæðisins einkennist af gras- og lyngmóa og að á fyrirhuguðu efnistökusvæði hafi gróðri þegar verið raskað að miklu leyti og muni frekari efnistaka því hafa minni

háttar neikvæð áhrif. Mikilvægt sé þó að huga vel að frágangi og uppgræðslu efnistökusvæða eftir að efnistöku ljúki í samstarfi við sérfræðinga og græða upp þau sár sem hafi myndast við efnistöku.

**Skipulagsstofnun** telur að þar sem fyrirhuguð efnistaka er á umfangslitlu svæði og gróður sem kemur til með að raskast hefur ekki sérstöðu þá verða neikvæð áhrif á gróður ekki veruleg.

### 3.3 ÁHRIF Á LOFTGÆÐI

Í matsskýrslu kemur fram að ekki liggi fyrir mæligögn um loftgæði á rekstrartíma, en vitað sé hvernig rekstri og framkvæmd efnistökkunnar verði háttað og hverjar séu helstu uppsprettur rykmengunar og hafi verið lagt mat á áhrif á loftgæði miðað við þá vitneskju. Fram kemur að matið sé tvíþætt, annars vegar mat á rykmengun frá umferð þungaflutningabíla á rekstrartíma og hinsvegar mat á rykmengun frá efnisvinnslunni sjálfri. Aðkomuvegur að efnistökusvæðinu sé malbikaður og því ekki að vænta rykmengunar af völdum umferðar um veginn en á Hafravatnsvegi sé kafli með malarslitlagi, um 1,4 km langur, sem flutningabifreiðir muni eiga leið um og sé bærinn Miðdalur við veginn. Borist hafi kvartanir á fyrri efnistökutímabilum um að mikil rykmengun leggist yfir m.a. hús í Miðdal. Ljóst sé að við umferð bifreiða um Hafravatnsveg á fyrrnefndum kafla í tengslum við fyrirhugaða efnistöku muni ryk þyrlast upp, sérstaklega í þurrviðri, og muni neikvæðra áhrifa helst gæta á íbúa við Miðdal. Efnisvinnsla í námunni valdi einnig rykmengun á rekstrartíma og muni áhrifa líklega helst gæta á frístundabyggðina við Silungatjörn. Fram kemur að það fari talsvert eftir veðurfari hversu neikvæð áhrif rykmengunar geti orðið. Vænta megi þess að áhrif á loftgæði á rekstrartíma verði alla jafna óveruleg en geti orðið tímabundið neikvæð á þurrkadögum. Framkvæmdaraðili bendir á að Hafravatnsvegur sé í umsjá Vegagerðarinnar og beri stofnuninni að rykbinda veginn. Samkvæmt útgefnu gæðaskjali Vegagerðarinnar skuli gert ráð fyrir að rykbinda vegi a.m.k. einu sinni á tímabilinu 1. júlí til 1. september í þurrkatíð, annars er aðeins gert ráð fyrir að rykbinda í byrjun sumars frá 1. júní til 15. júlí. Árin 2012 og 2013 hafi vegurinn verið hefлаður nokkrum sinnum og rykbundinn einu sinni sitt hvort árið. Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi hug á að draga úr rykmengun með því að draga úr hraða flutningabíla um Hafravatnsveg og vökva veginn á þurrum dögum ef þess sé talið þörf umfram aðgerðir Vegagerðarinnar. Á heildina litið sé talið að áhrif umferðar á rekstrartíma séu tímabundin og afturkræf og teljast því óveruleg út frá umfangi svæðis og fjölda fólks sem verði fyrir áhrifum.

Í umsögn Mosfellsbæjar kemur fram að ef heimila eigi efnisvinnslu að nýju þurfi að setja skilyrði um að ásættanlegar úrbætur verði gerðar á Hafravatnsvegi í samráði við Vegagerðina og ef vel á að vera þurfi að setja slitlag á veginn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vegurinn sé ekki í góðu standi en hins vegar sé framkvæmdaraðili ekki veghaldari og því ekki hans hlutverk að halda veginum við. Ítrekað er það sem fram kemur í matsskýrslu að framkvæmdaraðili muni gera allt sem í hans valdi standi til þess að koma í veg fyrir rykmengun af völdum efnisvinnslunnar og þungaflutninga. Vegagerðin hafi enga beina hagsmuni af framkvæmdinni og því óraunhæft að gera ráð fyrir að hún ráðist í úrbætur að kröfu framkvæmdaraðila. Vegurinn teljist til vega sem eigi að vera á ábyrgð sveitarfélagsins, samkvæmt vegalögum, en hafi ekki verið skilað formlega til sveitarfélagsins og sé því enn í umsjón Vegagerðarinnar. Framkvæmdaraðili leggi því til að Mosfellsbær hafi samráð við Vegagerðina til þess að finna framtíðarlausn á ástandi vegarins til hagsbóta bæði fyrir íbúa og framkvæmdaraðila.

Í athugasemdum íbúa Miðdal og Hafravatnsvegar kemur fram að þeir hafi orðið verulega varir við skert loftgæði vegna rykmengunar þegar fullhlaðnir flutningabílar aki eftir Hafravatnsvegi. Rykbinding vegarins hjálpi tímabundið en vegurinn hafi einungis verið rykbundinn einu sinni á ári sem hafi dugað skammt. Í athugasemdunum er lýst yfir ánægju með áform framkvæmdaraðila að vökva veginn í þurrkatíð og draga úr hraða flutningabifreiða en jafnframt lýst yfir áhyggjum að mat framkvæmdaraðila á nauðsyn þess að bleyta veginn verði ekki það sama og íbúanna sem verða fyrir rykmenguninni.

Í svörum kemur fram að framkvæmdaraðili sé tilbúinn að vera í samráði við íbúa Miðdals og Hafravatnsveggar um vökvun vegarins. Þá er bent á að mikilvægt sé við mat á áhrifum rykmengunar að áhrifin eru tímabundin og afturkræf. Það hafi jafnframt áhrif á vægiseinkunn að fáir verða fyrir áhrifum en slíkt þýði ekki að ekki sé tekið tillit til þeirra aðila.

**Skipulagsstofnun** telur að samkvæmt framlögðum gögnum liggja fyrir að óhjákvæmilega geti íbúar, sem búa í grennd við Hafravatnsveg og einnig þeir sem dvelja í frístundahúsum við Silungatjörn, orðið fyrir óþægindum af völdum ryks frá umferð flutningabifreiða til á frá efnisstökusvæðinu og frá efnisvinnslu í námunni. Ljóst er að aðstæður þar sem rykmengunar gætir eru mismunandi en Skipulagsstofnun telur mikilvægt að til þess að draga úr neikvæðum áhrifum af völdum rykmengunar stuðli framkvæmdaraðili að því að dregið verði úr hraða efnisflutningabíla á þessum stutta kafla Hafravatnsveggar auk þess sem hann sjái til þess að þessi kafla vegarins verði vökvaður í þurrkatíð og að haft verði samráð við íbúa á áhrifsvæðinu um hvenær og hversu oft þess gerist þörf. Skipulagsstofnun bendir á að efnistaka og efnisflutningar eru til tiltölulega skamms tíma og telur stofnunin að unnt eigi að vera að koma að mestu leyti í veg fyrir neikvæð áhrif af völdum rykmengunar með ofangreindum hætti.

### 3.4 ÁHRIF Á HLJÓÐVIST

Í matsskýrslu kemur fram að neikvæð áhrif af völdum hávaða á framkvæmdatíma muni helst gæta í nærliggjandi frístundabyggð við Silungatjörn og Krókatjörn og í Þormóðsdal og Miðdal þar sem sé heilsársbúseta. Ekki liggja fyrir mæligögn um hljóðvist á rekstartíma en vitað sé hvernig framkvæmd efnistöknar sé háttað og hvaða tæki geti verið mögulegir hljóðgjafar. Hljóðstig hafi verið kannað innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda, annars vegar hávaðadreifing frá vinnuvélum í námunni, og hins vegar áhrif aukinnar umferðar vegna efnisflutninga um Hafravatnsveg og aðkomuveg að námunni. Fram kemur að hljóðstig frá námuvinnslunni sjálfri muni vera um 37 dB(A) við Silungatjörn, um 31 dB (A) í Þormóðsdal og um 29 dB(A) í Miðdal. Þessir útreikningar miðast við að engar hljóðskermanir séu í beinni sjónlínu milli námu og byggðar en vinnuvélar muni vera staðsettar inni í námunni og því töluverð hljóðskermun af námuveggjunum. Fram kemur að skv. reglugerð um hávaða séu kröfur til hljóðstigs frá atvinnustarfsemi á tímabilinu frá kl. 07-19 35 dB (A) við húsvegg í frístundabyggð en 50 dB (A) við húsvegg í íbúðarhúsnæði. Fram kemur að fjarlægð í beinni sjónlínu milli Seljadalsnámu og þess frístundahúss sem liggja næst námunni sé rúmlega 900 m en frá námunni að Þormóðsdal rúmlega 2.500 m og að Miðdal um 3.300 m. Vegna skermunar frá landi og námuveggjum megi því gera ráð fyrir að hljóðstig muni vera vel undir viðmiðunarmörkum, þ.e. 35 dB (A) við Silungatjörn.

Fram kemur að mörk fyrir hávaða í reglugerð vegna umferðar ökutækja séu 55 dB (A) miðað við húsvegg í íbúðarhúsnæði og 45 dB (A) við húsvegg í frístundabyggð. Hvað varði hávaða frá umferð hafi hljóðstig verið reiknað miðað við 360 bifreiða umferð að sumarlagi á sólarhring á Hafravatnsvegi auk 25 þungaflutningabíla vegna flutninga úr Seljadalsnámu. Niðurstöður þessara útreikninga hafi verið að hljóðstig sé 54 dB (A) í 10 m fjarlægð frá vegi. Þá megi gera ráð fyrir að umferð á aðkomuvegi sé eingöngu vegna námuvinnslunnar og að hljóðstig þar verði um 48 dB(A) í 10 m fjarlægð frá veginum. Hljóðstig frá umferð á Hafravatnsvegi og í Þormóðsdal verði innan þeirra marka sem sett séu fram í reglugerð um hávaða við íbúðarbyggð. Það sama eigi við um hljóðstig frá aðkomuvegi en sú frístundabyggð sem sé næst veginum, sé í það mikilli fjarlægð að hljóðstig þar verði vel innan marka reglugerðar um hávaða frá umferð við frístundabyggð. Því er ekki talin þörf á mótvægisáðgerðum vegna umferðar til og frá námunni. Fram kemur það álit framkvæmdaraðila að áhrif á hljóðvist verði tímabundin og óveruleg.

Í athugasemdum íbúa í Miðdal og við Hafravatnsveg er bent á að ekki séu til gögn um mælingar á hljóðvist á svæðinu á rekstartíma námunnar. Með öðrum orðum þá sé ekki vitað hversu mikill hávaði fylgir efnisflutningum eða hvernig hávaði berist við þær aðstæður sem séu á svæðinu. Ef óvissa er um



umferðarmagn á veginum þá hlýtur að þurfa að byrja á að mæla það magn áður en fjölda efnisflutningabifreiða er bætt við. Svo virðist sem tölur um breytingu á hljóðvist vegna efnistökkunnar séu ákveðnar með því að beita ýmsum ágiskunaraðferðum, tölvulíkunum og viðmiðum sem fengin eru annars staðar frá, en að allar mælingar og rauntölur vanti.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að almenn tilmæli yfirvalda á Norðurlöndunum séu þau að hávaði frá starfsemi sem þessari (óreglulegum hljóðgjöfum) sé metin út frá útreikningum vegna óvissuþátta samfara mælingum. Auk þess sé ekki alltaf tækifæri til þess að mæla á vettvangi eins og í þessu tilfalli þar sem engar framkvæmdir hafi verið í námunni í þó nokkurn tíma. Því sé aðeins unnt að leggja mat á hávaðadreifinguna út frá ákveðnum forsendum. Fram kemur að umferðarmagn miðað við áætlaða efnistöku sé þekkt og því hægt að reikna hljóðvistina með nokkurri vissu. Við útreikninga á hávaðadreifingu frá Hafravatnsvegi hafi verið notuð aðferðafræði þar sem gert sé ráð fyrir hörðu, hljóðendurkastandi undirlagi en til að líkja eftir hljóðendurkasti frá malarvegi þurfi að setja upp hljóðvistarlíkan í þar til gerðum hugbúnaði. Við mat á áhrifum hávaða hafi verið leitast við að meta allar aðstæður sem næst raunverlegum aðstæðum.

**Skipulagsstofnun** telur að þó að ekki liggi fyrir gögn um mælingar á hljóðvist á svæðinu á rekstrartíma námunnar hafi framkvæmdaraðili gert grein fyrir og rökstutt þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar mati á hávaða vegna efnisvinnslu og umferðar vegna hennar. Stofnunin telur að með hliðsjón af þeim forsendum sem koma fram frammar í þessum kafla þá liggi fyrir að hávaði annars vegar frá efnisvinnslu úr Seljadalsnámu og hins vegar frá áætlaðri umferð um Hafravatnsveg og aðkomuveg að námunni verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða. Stofnunin telur þó að umferð efnisflutningabifreiða um fyrrnefnda vegi geti óhjákvæmilega valdið íbúum við Hafravatnsveg og dvalargestum í frístundabyggð í nágrenni aðkomuvegar nokkru ónæði. Ljóst er þó að þessi neikvæðu áhrif af völdum hávaða verða tímabundin þar sem efnistaka mun standa yfir í 8-9 mánuði.

### 3.5 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistöku í Seljadal bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Sveitarfélagið þarf að taka afstöðu til þess hvort gera þurfi deiliskipulag af efnistökusvæðinu eða hvort að unnt sé að gefa framkvæmdaleyfið út á grundvelli núgildandi aðalskipulags 2011-2030.
- Framkvæmdin eru háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.


## 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu framkvæmdaraðila sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrslan byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun bendir á að hér er um að ræða tímabundna framkvæmd, þ.e. efnistöku og efnisflutninga til u.þ.b. 9 mánaða og ráðast neikvæð áhrif framkvæmdarinnar óhjákvæmilega af því. Skipulagsstofnun telur að samkvæmt framlögðum gögnum liggi fyrir að íbúar sem búa í grennd við Hafravatnsveg og einnig þeir sem dvelja í frístundahúsum við Silungatjörn geti orðið fyrir óþægindum af völdum ryks frá umferð efnisflutningabifreiða til á frá efnisstökusvæðinu og frá efnisvinnslu í námunni. Með því að vökva veginn reglulega í samráði við íbúa á áhrifasvæðinu telur stofnunin að unnt eigi að vera að koma að mestu leyti í veg fyrir neikvæð áhrif af völdum rykmengunar. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af gögnum málsins liggi fyrir að hávaði annars vegar frá efnisvinnslu úr Seljadalsnámu og hins vegar frá áætlaðri umferð um Hafravatnsveg og aðkomuveg að námunni verði undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða. Stofnunin telur þó að umferð efnisflutningabifreiða geti valdið íbúum við Hafravatnsveg og dvalargestum í frístundabyggð í nágrenni aðkomuvegar nokkru ónæði. Skipulagsstofnun telur að neikvæð sjónræn áhrif séu að mörgu leyti komin fram vegna fyrri efnistöku. Stofnunin telur að umfang neikvæðra sjónrænna áhrifa til frambúðar fari eftir því hversu vel tekst til með frágang efnisstökusvæðisins. Skipulagsstofnun telur að útivistarfólk komi til með að verða að einhverju leyti fyrir ónæði af völdum hávaða frá efnisvinnslu og rykmengunar frá námunni en stofnunin tekur undir með bæði framkvæmdaraðila og Mosfellsbæ að sú fyrirætlan að varðveita stuðlabergsmyndanir að efnistöku lokinni sé til þess fallin að auka aðdráttarafli svæðisins til útivistar.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verk- og frágangstilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.



Reykjavík, 1. október 2014.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

# Skipulagsstofnun



# Skipulagsstofnun